

Mál nr. 328/2013
M
og V v/ frjálsrar ábyrgðartryggingar C.

Skaðabótaábyrgð bifreiðaverkstæðis vegna viðgerðar og tjóns 13. júlí 2013.

Gögn.

1. Málskot móttengið 3. október 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 17. október 2013 ásamt gögnum.

Málsatvik.

M kveðst hafa falið bifreiðaverkstæðinu C viðgerð á tilteknum atriðum varðandi bifreið sína, þar á meðal vegna leka á kælikerfi. Einng kveðst M hafa falið C að færa bifreiðina til skoðunar. Af gögnum málsins má ráða að bifreiðin hafi verið færð til aðalskoðunar 10. júlí 2013 og síðan til endurskoðunar 12. júlí s.á. þar sem frestur hafi verið gefinn til úrbóta vegna lekamengunar. M kveðst hafa fengið símtal frá C sama dag þar sem óskað hafi verið eftir því að bíllinn yrði sóttur. Það hafi unnusta M gert en ekki fengið upplýsingar um fyrrgreinda lekamengun. Bifreiðinni hafi verið ekið áleiðis í Hvalfjörð daginn eftir og þá hafi hún ofhitnað og ekki farið aftur í gang.

Í skýrslu C vegna málsins kemur fram að bifreið M hafi komið til viðgerðar í lok maí hjá C. Starfsmenn C hafi fært hana til skoðunar 10. júlí og síðan aftur 12. júlí en ekki hafi fengist skoðun á bifreiðina án athugasemda. Í sömu skýrslu kemur fram að M og unnusta hans hafi verið upplýst um að fullnaðarviðgerð hefði ekki farið fram en þau hafi viljað nálgast bifreiðina samt sem áður og gert upp reikning vegna þeirrar vinnu sem þá þegar hafi verið framkvæmd. Í skýrslu C kemur fram að skoðunarskýrsla bifreiðarinnar sama dag hafi verið afhent um leið og bifreiðin.

M telur að C beri skaðabótaábyrgð á því tjóni sem varð vegna ofhitnunar bifreiðar hans þar sem M hafi ekki verið upplýstur um ástand bifreiðinnar þegar hún var afhent. M telur að það sé venjubundið að láta bifreiðareiganda vita ef viðgerð hafi ekki tekist. Það hafi C ekki gert, hvorki í símtali né á reikningum sem gefnir hafi verið út. Við þær aðstæður telur M að C beri sönnunarbyrði fyrir því að starfsmenn C hafi gefið réttar upplýsingar um ástand bifreiðarinnar og á þeim forsendum verði að líta svo á að C beri skaðabótaábyrgð á tjóni bifreiðarinnar sem hafi greinilega ekki verið hæf til aksturs.

V telur að ekki hafi verið sýnt fram á að skaðabótaábyrgð C vegna tjóns á bifreið M. Starfsmenn C hafi ekki haft frumkvæði af því að bifreiðin hafi verið sótt heldur M og hafi verið upplýst um ástand bifreiðarinnar þegar hún var sótt og skoðunarskýrsla hennar afhent. Ekki sé því sannað að rangar upplýsingar hafi verið gefnar sem leitt hafi til tjóns á bifreið M.

Álit.

Ágreiningur í málinu snýst um hvort starfsmenn C hafi gefið rangar eða ónákvæmar upplýsingar um ástand bifreiðar M þegar hún var sótt á verkstæði C þann 12. júlí 2013. M segir að C hafi haft frumkvæði að því að bifreiðin hafi verið sótt á tilgreindum degi og ekki hafi verið upplýst um að viðgerð hennar hafi ekki verið lokið en C segir að M hafi óskað eftir því að fá bifreiðina afhenta og hafi fengið upplýsingar um ástand hennar sem og skoðunarskýrslu. Almennar sönnunarreglur gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni beri sönnunarbyrði vegna þess. Ekki verður séð af gögnum málsins að M hafi mætt þeirri sönnunarbyrði, sérstaklega þegar litið er til þess að sjá mátti af skoðunarskýrslu bifreiðarinnar að hún hafi ekki fengið fullnægjandi skoðun sama dag og hún var sótt. Verður því ekki talið nægilega sannað að einhver á vegum C hafi gefið M rangar upplýsingar um ástand bifreiðarinnar og ekki verður heldur talið skilyrði séu uppfyllt til að sönnunarbyrði snúist við. Verður því ekki fallist á að C beri skaðabótaábyrgð á tjóni á bifreið M.

Til áréttingar verður þó að taka fram að skv. 2.mgr. 9.gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 ber váttryggingafélagi að sjá til þess að tjónþolar fái fullnægjandi upplýsingar um bótarétt sinn. Það að váttryggingafélag byggi afstöðu sína til bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu á greinargerð

vátryggingartaka þýðir að vátryggingafélag verður að upplýsa tjónþola um hvað slík greinargerð innifelur í því formi sem hún kemur. Af gögnum málsins má ráða að það hafi ekki verið gert. Þetta breytir þó ekki afstöðu nefndarinnar til niðurstöðu málsins.

Niðurstaða.

M á ekki rétt að fá tjón á bifreið sinni bætt úr frjálsri ábyrgðartryggingu C hjá V.

Reykjavík 31. október 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.